

## Sýnatökur vegna apabólu (monkeypox veiru)

Sýkla- og veirufræðideild Landspítala, Ármúla 1a

### Mikilvægt:

- **Ákvörðun um sýnatöku ætti að taka að höfðu samráði við smitsjúkdómalækni.**
- Áður en sýni er tekið skal hafa samband við sýkla- og veirufræðideild Landspítala (Ármúla 1a) í síma 543-5900, á dagvinnutíma frá 8 til 16. Sé sýnið tekið utan dagvinnutíma má geyma það í kæli og hafa samband daginn eftir.
- Mikilvægt er að klæða sig í hlífðarbúnað fyrir sýnatöku (sjá leiðbeiningar frá sóttvarnalækni).
- Beiðni má gera rafrænt í Cyberlab eða láta [pappírsbeiðni](#) fylgja sýni. Takið fram í ástæðu sýnatöku að óskað sé eftir greiningu vegna apabólu. Skráið símanúmer beiðanda á beiðni. Læknir sem sendir sýnið ber ábyrgð á að fylgja svarinu eftir.
- Vandíð merkingar og mikilvægt er að pakka sýninu inn í þéttar umbúðir (sjá neðar).

### Sýnataka:

#### Strok frá útbrotum:

Strjúka þarf vandlega með sýnatökupinna yfir útbrot, blöðrur, sár eða hrúður til að fá sem mest af erfðaeefni veirunnar á pinnann. Gott er að vessi leki út og náist á sýnatökupinna.

Best er að taka sýni frá að minnsta kosti tveimur stöðum, sé sýnið tekið frá samskonar útbrotum má setja pinnana í sama sýnatökuglasið en gott er að senda tvö sýnatökuglös.

Einnig má senda hrúður í sterílu glasi eða önnur sýni í samráði við smitsjúkdómalækna og sérfræðilækna í veirufræði.

Ekki er mælt með að taka sýni frá öndunarfærum vegna lítils næmis þeirrar sýnategundar.

Best er að nota sýnatökusettil veirurannsóknar. Sé annað ekki tiltækt má nota sýnatökusettil sem er ætlað til bakteríuræktunar.




## Sýnasending:

Merkið sýni og beiðni með persónuupplýsingum sjúklings, ásamt upplýsingum um ástæðu sýnatöku (ferðalög, sjúkdómseinkenni) og upphafsdag veikinda. Sendist beint á sýkla- og veirufræðideild LSH í Ármúla 1a, ef töf verður á sendingu skal geyma sýnin í kæli (ef meira en sólarhringur gæti liðið).

Mikilvægt er að pakka sýninu vandlega fyrir flutning á rannsóknarstofu í Ármúla 1a, gangið frá sýnatökuglasi og passið að það sé vel lokað (leki ekki). Pakka skal sýnatökuglasi í annað vatns-helt hlífðarílát (öryggishólk eða -tunnu) áður en það er sett í flutningsumbúðir (kassa), sjá mynd. **Mikilvægt er að merkja hlífðarílátið (öryggishólk eða -tunnu) einnig með nafni og kenni-tölu (og/eða cyberlab sýnanúmeri).**

Sendingarflokkur sýna er UN 2814 (category A) og ætti að merkja með hættumiða. Sjá gæðaskjal í þjónustuhandbók Rannsóknarsviðs LSH ([Rsvið-168](#)).



Sýni tekin vegna gruns um apabólu flokkast sem hættulegt smitefni UN 2814 með flokkunarkóða L1. Reglugerð nr. 1077/2010 gildir um flutning á hættulegum farmi en skv. [breytingarreglugerð nr. 742/2022](#) er flutningur sýna vegna apabólu frá sýnatökustað til sýkla- og veirufræðideildar Landspítala undanþeginn skilyrðum reglugerðar um flutning. Skilyrði um umbúðir og merkingu sbr. að ofan gildir.